

## B R É F

97

24. maí

handhafa valds forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,  
um þinglausnir.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Stefáni Jóh. Stefánsyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 66. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

*Ritað í Reykjavík, 24. dag maimánaðar 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

---

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## A U G L Ý S I N G

98

14. júní

um að forseti Íslands sé kominn heim og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 14. júní 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

---

*Birgir Thorlacius.*

## A U G L Ý S I N G

99

26. júní

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar.

## SAMKOMULAG

um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar.

Samkomulag það, sem hér fer á eftir, hefur náðst milli fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Svíþjóðar eftir viðræður í Reykjavík, dagana 30. apríl til 21. maí 1947.

1. Viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar skulu fram fara samkvæmt gildandi almennum ákvæðum um inn- og útflutning í hvoí landinu fyrir sig.

2. Ríkisstjórnir Íslands og Svíþjóðar skuldbinda sig til að vera gagnkvæmt eins

## PROTOKOLL

angående det svensk-isländska varuutbyttet.

Under förhandlingar i Reykjavik den 30 april — 21 maj 1947 mellan ombud för svenska och isländska regeringarna har enighet uppnåtts om följande.

1. Varuutbyttet mellan Sverrige och Island skall äga rum i enlighet med de i vartdera landet gällande allmänna bestämmelserna om import- och exportreglering.

2. Svenska regeringen och isländska regeringen förbinda sig att på grundval